

1945 nr. 3 12. janúar

Lög um kirkju- og manntalsbækur (sálmaregistur)

Tóku gildi 26. janúar 1945. *Breytt með* l. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983), l. 36/2002 (tóku gildi 7. maí 2002) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbakv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Í hverju prestakalli skal sóknarprestur færa kirkjubók (ministerialbók) og manntalsbók (sálmaregistur) fyrir allt prestakallið, og varðveitir prestur þær. Auk þess skulu sóknarnefndarformenn í hverri sókn færa slíkar bækur, að því er til sóknarinnar tekur og geyma þeirra. Heimilt er sóknarnefnd að fela öðrum, er hún telur sérstaklega vel til þess hæfan, að rita bækurnar. Bækur þessar skal rita greinilega og án nokkurrar undanfellingar. Skyllt er sóknarpresti að láta sóknarnefndarformanni eða kirkjubókarritari í té alla nauðsynlega vitneskju við færslu framangreindra bóka. Þeir skulu bera bækurnar vandlega saman að minnsta kosti einu sinni á ári, í janúarmánuði ár hvert, en aldrei mega þær vera eina nótt undir sama þaki báðar. Ákvæði þessarar greinar um manntalsbækur taka þó ekki til þeirra kaupstaða, þar sem öðrum en prestum er með lögum falið að skrá manntal.

■ **2. gr.** Kirkjustjórnin skal hlutast til um, að ávallt sé kostur á hentugum kirkju- og manntalsbókum úr vönduðum pappír

og í því formi, er tíðkast hefur eða hún ákveður síðar. Bækurnar séu gegnþræddar, innsiglaðar og löggiltar af biskupi. Hlutaðeigandi prófastur skal hafa eftirlit með því á yfirreiðum sínum, að þær séu vel og samviskusamlega færðar, og annast um, að misfellum í því efni verði kippt í lag. [Íslenska þjóðkirkjan og önnur skráð trúfélög skulu greiða fyrir kirkju- og manntalsbækur sem þau færa.]¹⁾

¹⁾ L. 36/2002, 1. gr.

■ **3. gr.** Kirkjubækur sóknarpresta skulu sendar þjóðskjalasafninu til varðveislu áður en 50 ár eru liðin frá löggildingu þeirra, og má aldrei halda þeim lengur en 15 ár, frá því að þær eru fullritaðar.

□ Kirkju- og manntalsbækur sókna skulu afhentar hlutaðeigandi héraðs- eða kaupstaðarbókasafni til eignar og geymslu, þegar þær eru fullskrifaðar. Nú er ekki til héraðsbókasafn, og skal þá afhenda bækurnar hlutaðeigandi prófasti, sem kemur þeim í örugga geymslu innan héraðs.

□ Forstöðumanni héraðs- og kaupstaðarbókasafns er heimilt að gefa fæðingarvottorð og önnur vottorð samkvæmt kirkjubókum safnsins þeim, er þess óska, og gegn sama gjaldi og greitt er til þjóðskjalasafnsins fyrir slíkt vottorð.

■ **4. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs ...¹⁾ nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum ...²⁾

¹⁾ L. 10/1983, 13. gr. ²⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ **5. gr.** Ráðherra getur sett með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.